

Ár 2017, þriðjudaginn 15. ágúst, er haldinn fundur í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Sigurði I. Halldórssyni, Gunnari Guðmundssyni og Helga R. Magnússyni.

Fyrir er tekið málið nr. 1/2017:

Ungmennafélagið Einherji
gegn
KA, knattspyrnudeild

Gögn málsins merkt nr. 1- 3 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Ungmennafélagið Einherji, kt.: 610678-0259

Heimilisfang: Steinholt 10,

Póstnúmer: 690, Vopnafirði

Fyrirsvarsmaður kæranda:

Magnús Már Þorvaldsson, kt.: 110158-7349

Kærði:

Knattspyrnufélag Akureyrar(KA), kt.: 700169-4219, Dalsbraut-K.A.-heimilið, 600 Akureyri

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ hinn 17. júlí s.l. eða innan kærufrests. Ákveðið var að gefa kærða frest til að skila greinargerð til 25. júlí sl. Engin greinargerð barst frá hinu kærða félagi.

II.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að úrslit leiks sem fram fór þann 13.7. s.l. milli KA2 og Einherja í A-liðum í E riðli 4.flokki kvenna verði breytt og dæmd 3-0 Einherja í vil.

III.

Málsatvik:

KA2-Einherji kepptu í Íslandsmóti A liða í E- riðli í 4. fl kvk. þann 13. júlí 2017. Í þeim leik voru fjórir leikmenn í byrjunarliði KA2 sem spiluðu í byrjunarliði í leik A liða KA-Fram/Afturelding þann 11. júlí 2017. Sá leikur er í riðli B1 í 4. fl. kvk. A-liða en 8 aðrir leikmenn voru á skýrslu í báðum leikjunum.

Málsástæður og lagarök:

Ekki er leyfilegt að spila með sömu leikmenn þegar lið er með tvö A lið í keppni, nema leikmaður sitji hjá eina umferð hjá hvoru liði, það var ekki gert í þessum leik hjá KA 2.

Úr reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, grein 35.1.3: Þegar félag er með tvö A lið í móti gildir: Leikmaður sem leikið hefur með liði 1 er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrir en eftir næsta leik hjá liði 1 og 2 þar á eftir.

V.

Niðurstaða:

Í máli þessu er kærufnið hvort hið kærða félag KA2, hafi verið ólöglega skipað í leik KA2 og Einherja í A-liðum í E riðli 4.flokki kvenna þann 13. júlí 2017.

Fyrir liggur að 4 leikmenn KA2 léku bæði í umræddum leik þann 13.júlí gegn Einherja og næsta leik á undan með hinu A liði KA gegn Fram/Aftureldingu. Leikmenn þessir eru Jóna Margrét Arnarsdóttir, Ísfold Marý Sigtryggisdóttir, Marey Dóróthea Maronsd. Olsen og Edda Líney Baldvinsdóttir. Slíkt brýtur gegn grein 35.1.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og af þeim sökum ber að breyta úrslitum í umræddum leik málsaðila á þann vega að leikurinn dæmist tapður KA2 með markatölunni 3-0.

VI.

Úrskurðarorð:

Úrslit í leik Einherja og KA2 sem fram fór í Íslandsmóti 4. flokks kvenna þann 13. júlí s.l. er breytt á þann veg að KA2 telst hafa tapað leiknum með markatölunni 3-0.

Gunnar Guðmundsson

Sigurður Ingi Halldórsson

Helgi R. Magnússon

Um áfrýjun:

Samkvæmt grein 17.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.